



Umsókn um útgreiðslu úr séreignardeild

Umsækjandi

Nafn sjóðfélaga

Heimilisfang

Simanúmer

Sækir um:

Séreign frá:

Kennitala

Póstnúmer og sveitarfélag

Netfang

Ath: Lífeyrir greiðist ekki aftur í tímann.

Greitt er úr séreignardeild síðasta virka dag hvers mánaðar.

Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag útgreiðslumánaðar.

Tegund séreignar*

- Séreign B-deild
 Tilgreind séreign C-deild
 Séreign vegna örorku
 Erfðaséreign

*Athugið: Nauðsynlegt er að velja a.m.k eina tegund séreignar.

Greiðslutilhögun

- Eingreiðsla (öll inneign greidd út í einu lagi)
 Mánaðarleg fjárhæð kr. þar til inneign klárast
 Mánaðarleg fjárhæð kr. í mánuði

Skattupplýsingar

Staðgreiða skal skatt af lífeyrisgreiðslum og merkja við viðeigandi skattþrep vegna nýtingar persónuafsláttar.

Ef um tekjur er að ræða frá öðrum launagreiðenda skal skrá tekjurnar í reitinn "Aðrar mánaðarlegar tekjur" eða merkja við viðeigandi skattþrep.

Aðrar mánaðarlegar tekjur

- Skattþrep 1** (31,45% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur til 349.018 kr.)
 Skattþrep 2 (37,95% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur 349.019 til 979.847 kr.)
 Skattþrep 3 (46,25% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur frá 979.847 kr.)

Hlutfall persónuafsláttar: frá dags:

ATH: Greitt er úr séreignardeild síðasta virka dag hvers mánaðar. Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag útgreiðslumánaðar.

Bankareikningur

Bankanúmer (útibú)

Höfuðbók nr.

Reikningsnúmer

Undirskrift

Staður og dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Meðferð sjóðsins á persónuupplýsingum
umsækjanda má finna hér.



PRENTA

VISTA

HREINSA



Reglur um endurgreiðslu úr B-deild (séreignardeild)

- Lífeyrisgreiðslur úr B-deild** geta hafist þegar sjóðfélaginn er orðinn 60 ára.
- Sjóðfélagi getur við töku lífeyris valið** um að fá inneign sína í B-deild greidda með annarri hvorri eða blöndu eftirtalinna endurgreiðsluaðferða.
 - Þegar sjóðfélagi er orðinn 60 ára** getur hann tekið inneign sína á séreignarreikningi út í einu lagi eða dreift henni í þann tíma sem hann óskar.
 - Inneign hans á séreignarreikningi verði færð** til A-deildar, sameignardeildar, sem greiðir hana út sem lífrentu (annuity) mánaðarlega til æviloka. Velji sjóðfélagi þessa endurgreiðsluleið fellur niður séreignarréttur hans til inneignarinnar, sem fellur þá ekki til erfingja við andlát.
- Sjóðfélagi, sem vegna varanlegrar heilsubilunar verður að hætta störfum** áður en hann nær 60 ára aldri, á rétt á að fá inneign sína í B-deild greidda með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum. Heimilt er að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir kr. 500.000. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- Við andlát sjóðfélaga**, sem á inneign á séreignarreikningi í B-deild, greiðist inneign hans til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga um lögerfðir.

Reglur um endurgreiðslu tilgreindrar séreignar

Útgreiðsla vegna aldurs: Sjóðfélagi er heimilt að hefja úttekt tilgreindrar séreignar frá 62 ára aldri og skulu greiðslur þá dreifast að lágmarki á þann tíma sem hann á eftir fram að 67 ára aldri.

Heimilt er að víkja frá þessum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Útgreiðsla vegna örorku: Verði rétthafi öryrki og trúnaðarlæknir sjóðsins metur orkutapið sem hann verður fyrir 100% á hann rétt á að fá inneign sína í tilgreindri séreign greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Sé örorkuprósentan lægri en 100% lækkar árleg útborgun í hlutfalli við lækun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Óski sjóðfélagi þess er heimilt að víkja frá þessum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Útgreiðsla vegna andláts: Við andlát sjóðfélaga, sem á inneign í tilgreindri séreign, greiðist inneignin til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti sjóðfélaginn ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins (sbr. lög um lífeyrissjóði nr. 129/1997 með síðari breytingum).